



BORGARRÁÐ 25. mars 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hunda í afgreiðslurými borgarþjónustufyrirtækja - R21030277

T-póstur

Málsnúmer: USK2021040040

Bréfalyklar: 7.3 Hundahald

Eigandi skjals: Ásdís Baldursdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 12.04.2021

Dagsetning skjals: 12.04.2021

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

| | | | |
|------------------------------|-----------------------------|----------------------------|-----------------------------|
| Skjalalykill Móttökudags. | 7.3 Hundahald 12.04.2021 | Málsnúmer Skráð í GoPro | USK2021040040 12.04.2021 |
|------------------------------|-----------------------------|----------------------------|-----------------------------|

| Viðtakandi | Sendandi |
|-----------------|-------------------|
| Deild (Ráðhúss) | Fyrirtæki/stofnun |
| Starfsmaður | Nafn |
| | Kennitala: |

| | | |
|---------------------------|----------|-----------------|
| Tegund skjals Efnisorð | T-póstur | Fyrir Borgarráð |
|---------------------------|----------|-----------------|

Sent:

Sent til:

Notandi: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Dagsetning: 12.4.2021 11:05:50

Til: "USK Þjónustu netfang" <usk@reykjavik.is>

Efni: Fw: BORGARRÁÐ 25. mars 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hunda í afgreiðslurými borgarþjónustufyrirtækja - R21030277

Tilvísun í mál: R21030277

Sæl

Meðfylgjandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hunda í afgreiðslurými borgarþjónustufyrirtækja er send umhverfis- og heilbrigðisráði til meðferðar. Í samræmi við breytt verklag við fundi borgarráðs er tillagan nú á forræði umhverfis- og heilbrigðisráðs og leggja skal hana fram á þeim vettvangi til afgreiðslu.

Ekki þarf að upplýsa borgarráð um frekari vinnslu málsins

Ólöf Magnúsdóttir

Skrifstofa borgarstjórnar

Ráðhús Reykjavíkur

s. 411 4703

olof.magnusdottir@reykjavik.is

R21030277

BORGARRÁÐ 25. mars 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hunda í afgreiðslurými borgarþjónustufyrirtækja - R21030277

BORGARRÁÐ 25. mars 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hunda í afgreiðslurými borgarþjónustufyrirtækja - R21030277

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að hundar verði leyfðir í anddyri eða afgreiðslurými borgarþjónustufyrirtækja í stað þess að eigendur þeirra þurfi að festa þá utandyra meðan þeir ganga erinda sinna hjá borginni. Eins og kunnugt er greiða hundaeigendur sérstakan skatt fyrir að fá að halda hund. Inn í þeim skatti er trygging innifalinn, samkvæmt Dýraþjónustu Reykjavíkur, geri hundurinn eitthvað af sér. Hundar eru óvelkomnir á flesta staði innanhúss í opinberu rými borgarinnar og í borginni. Engin ástæða er til að banna eigendum að taka hundinn sinn með inn í það minnsta í anddyri eða afgreiðslurými/sal borgarfyrirtækja í stað þess að eigendur þurfi að skilja dýrið eftir úti á meðan þeir rétt skreppa inn. Heimilishundar bera yfirleitt með sér sama örverulíf og eigendur þeirra. Hundar eru einnig tengdir eiganda með traustum taumi og eigandinn hefur fullt vald á dýrinu. Rök fyrir því að banna að taka hunda með sér inn í anddyri opinberra stofnanna í Reykjavík eru því veik.

Borgarráð Reykjavíkur

Efni: Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hunda í afgreiðslurými borgarþjónustufyrirtækja – R21030277, USK2021040040.

Á fundi borgarráðs hinn 25. mars 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hunda í afgreiðslurými borgarþjónustufyrirtækja:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að hundar verði leyfðir í anddyri eða afgreiðslurými borgarþjónustufyrirtækja í stað þess að eigendur þeirra þurfi að festa þá utandyra meðan þeir ganga erinda sinna hjá borginni. Eins og kunnugt er greiða hundaeigendur sérstakan skatt fyrir að fá að halda hund. Inn í þeim skatti er trygging innifalinn, samkvæmt Dýraþjónustu Reykjavíkur, geri hundurinn eitthvað af sér. Hundar eru óvelkomnir á flesta staði innanhúss í opinberu rými borgarinnar og í borginni. Engin ástæða er til að banna eigendum að taka hundinn sinn með inn í það minnsta í anddyri eða afgreiðslurými/sal borgarfyrirtækja í stað þess að eigendur þurfi að skilja dýrið eftir úti á meðan þeir rétt skreppa inn. Heimilishundar bera yfirleitt með sér sama örverulíf og eigendur þeirra. Hundar eru einnig tengdir eiganda með traustum taumi og eigandinn hefur fullt vald á dýrinu. Rök fyrir því að banna að taka hunda með sér inn í anddyri opinberra stofnanna í Reykjavík eru því veik.

Tillöguninni var vísað til meðferðar umhverfis- og heilbrigðisráðs, dags. 12. apríl 2021.

Í 1. mgr. 19. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 kemur fram að ekki megi hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsrými sem fjallað er um í fylgiskjali 3 með reglugerðinni, þó með þeim undantekningum sem fram koma í ákvæðinu sem varða hjálparhunda. Samkvæmt ákvæðinu er Heilbrigðisnefnd heimilt að veita undanþágu til að halda hunda, ketti og önnur gæludýr á heilbrigðis- og meðferðarstöðum.

Sambærilegt ákvæði er jafnframt að finna í 2. mgr. 55. gr. að því er varðar hjálparhunda í almennum samgöngutækjum.

Í fylgiskjali 3 með reglugerðinni er talið með tæmandi hætti hvaða stöðum óheimilt er að hleypa inn hundum, köttum og öðrum gæludýrum, þ.e. Heilbrigðis- og meðferðarstofnanir, Skólar, Lækna- og tannlæknastofur, Sjúkrahús og aðgerðarstofur, Vistarverur handtekinna manna, Heilsuræktarstöðvar, Íþróttastöðvar og íþróttahús, Gæsluvellir, Snyrtistofur, Nuddstofur og sjúkrapjálfun, Sólbaðsstofur, Húðflúrstofur Samkomuhús s.s. kirkjur, leikhús, hljómléikasalir, söfn og kvikmyndahús, Gististaðir, Veitingastaðir, Sumarbúðir fyrir börn.

Þegar fyrrnefndum stöðum slepptir setur reglugerð um hollustuhætti ekki skorður við því að hundum, köttum og öðrum gæludýrum sé hleypt inn í almenningsrými, þ.m.t. afgreiðslurými borgarþjónustufyrirtækja.

Reykjavík, 11. júní 2021

f.h. Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur,

Björgvin Rafn Sigurðarson